

Fornleifaskráning
vegna vegagerðar við
tilraunaborholur hjá Trölladyngju á
Reykjanesi



Bjarni F. Einarsson
2006

Forsíðumyndin er tekin rétt við fornleifar nr. 39:1-2. Hún sýnir dalverpið sem teygir sig að Sogunum og er fyrirhugað að setja tilraunaborholu TR-2 hinum megin við hnúkinn fyrir miðri mynd. Sogalækur liðast rétt fyrir utan myndina til vinstri. Horft til austurs. Ljós. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja
Janúar 2006.

Inngangur

Að beiðni VSÓ ráðgjafar, f.h. Hitaveitu Suðurnesja, kannaði Fornleifafræðistofan fyrirhugaðan vegakafla sem liggja á frá borholu TR-1 að fyrirhugaðri borholu TR-2 skammt suðvestur af Trölladyngju á Reykjanesi (sbr. mynd 1).

Farið var lauslega í gegnum nokkrar heimildir svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Örnefnaskrá og Friðlýsingarskrá.


Vettvangsvinna fór fram þann 30. janúar síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar svo sem minjar nr. 39:1-2. Byrjað var á næsta lausa númeri í Grindavík.

Svæðið þar sem hinn fyrirhugaði vegur á að liggja var gengið. A.m.k. 100 m breið spilda var skoðuð upp af borholu TR-1. U.þ.b. miðja vegu á milli borholanna var komið að vegaslóða sem þarna er á stalli í brekkunni, og vörðu. Þar er fyrirhugað að leggja veginn upp með Sogslæk að sunnanverður og alla leið að borholu TR-2. Var svæðið allt gengið með eftirlistmanni Verkfræðistofu Suðurnesja, Emil Hallgrímssyni. Kynnti hann höfundu hugmyndir um vegastæði og eins upplýsti höfundur hann um hvaða reglur giltu um framhaldið.

Ekki var farið vestur fyrir Sogslækinn, nema rétt vestur af minjum nr. 38 (sjá mynd 2), en þar eru t.d. minjar Sogasels í afar fallegum gíg. Eru minjarnar nánast út um allan gíg og líklega margar kynslóðir seljarústa.

Fornleifaskráning hefur ekki farið framm á þessu svæði áður, þó slík muni vera fyrirhuguð í sveitarfélaginu öllu.

Hætta og hættumat breytist ef farin verður önnur leið en sú sem hér er til umfjöllunar.



Mynd 1. Loftmynd með staðsetningu fyrirhugaðs vegar (rauð lína) hjá Trölladyngju.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar, en bent skal á að skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum (þjóðminjalög 2001).

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

<i>Nr.</i>	<i>Teg.</i>	<i>Tilgráa</i>	<i>Fj.</i>	<i>Hæðumat</i>	<i>Hæða</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Minjagildi</i>	<i>Friðlýst</i>	<i>Mónuágerð</i>
37:1	Varða		1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Mæla inn
38:1	Varða		1	Vegagerð	Mikil	Sæm.	1900-	Ekkert	Nei	Engar
38:1-2	Rústir	Sel	2	Vegagerð	Lítill	Ágætt	-1550	Hátt	Nei	Rannsókn
38:1	Rúst	Sel	1	Vegagerð	Lítill	Ágætt	-1550	Hátt	Nei	Rannsókn
38:2	Rúst	Fjárborg	1	Vegagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Rannsókn
3 staðir			4 fornleifar							

Tafla 1 yfir skráðar fornleifar á rannsóknarsvæðinu. Varðveislugildi var ætíð hið sama og minjagildið.



Mynd 2. Loftmynd af hinu kannaða svæði með tillögu að veglínu (gul lína). Vestast (t.v.) er um nokkuð stórt svæði að velja eða 100 m. Ljós. Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE.

Samtals eru fjórar minjar á hinu kannaða svæði og þar af voru einar sem trúlega eru yngri en 1900 og því ekki fornleifar í skilningi laganna.

Af þessum fjórum minjum teljast einar hafa hátt minjagildi, einar hafa talsvert minjagildi einar lítið minjagildi og einar ekkert minjagildi. Rústir 39:1-2 hafa í heild sinni hátt minjagildi. Hugsanlega eru þær forveri Sogasels.

Í ágætu ástandi voru tvær fornleifar, í sæmilegu ástandi voru einar undar minjar og einar fornleifar voru í lélegu ástandi.

Einar minjar voru taldar í mikilli hættu (rautt á mynd 1). Þær hafa ekkert varðveislu- né minjagildi og mótvægisáðgerða ekki þörf. Einar voru ekki í neinni hættu (grænt á mynd 1) og tvær voru í lítilli hættu (blátt á mynd 1). Þetta hættumat mun breytast ef veglínan verður færð frá þeim stað sem fyrirhugaður er. Verði ekki hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og hlýta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Velta mætti fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að friðlýsa hinar meintu minjar selsins (nr. 39) um leið og leifar Sogasels verða friðaðar. Í raun ætti að friðlýsa allar seljarústir á Reykjanesinu.

Skv. 12 gr. Þjóðminjalaga er öllum gert skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum. Eins er öllum þeim

sem finna áður óþekktar fornleifar skylt skv. 13. gr. laganna að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt sem unnt er. Sömuleiðis er skylt skv. 18. gr. laganna að tilkynna Fornleifavernd ríkisins svo fljótt sem við verður komið þegar gripir (forngripir) finnast í jörðu (Þjóðminjalög 2001). Með þessari skýrslu er þessum skyldum fullnægt.

Niðurstaða

Alls fundust fjórar minjar á þremur stöðum á svæði því sem kannað var vegna hins fyrirhugaða vegar suðvestan við Trölladyngju sbr. mynd 1. Bent skal á að fleiri fornleifar sáust norðan við veglínuna og Sogslækinn, en þær koma ekki við sögu verði vegurinn ekki færður til norðurs yfir Sogslækinn.

Ef mikilvægt reynist að farga eða raska þeim fornleifum sem hafa lítið minjagildi ættu mótvægisáðgerðir ekki að vera flóknar (sjá fornleifaskrá).

Öðru máli gegnir um þær fornleifar sem taldar eru hafa talsvert eða hátt minjagildi. Þær þyrfti þá að rannsaka á hefðbundinn hátt með uppgrefti.

Í öllum tilvikum þarf að leita leyfis Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa. Hugsanlegar aðreinar og tengivegi, sé um slíkt að ræða, ber að setja niður með tilliti til fornleifanna.

Merkilegustu fornleifarnar sem skráðar voru eru fornleifar nr. 39:1-2. Þær falla í hæsta minjaflokk og hafa hátt varðveislugildi.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd –

Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þriðja bindi.

Kaupmannahöfn 1923-24.

Þjóðminjalög nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.

Fornleifaskrá

Fornleifaskrá

Sýsla

Gullbringusýsla

Landareign

Stóra Vatnsleysa

Sveitarfélag

Grindavík

Nr

Táknatala

2300

Heiti

Aðalnr.

37

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°55.540 W 022°06.168

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

Skekka

5

Tegund minja

Varða

Tilgáta

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Lélegt

Aldur

1550-1900

Íeyði

Varðveislugildi

Lítið

Minjagildi

Lítið

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

30.01.2006

Fríðhva?

Nei

Fríðhíst?

Nei

Hvenær

Legg og staðhættir

Um 50 m norðvestur af nokkrum smáhverum undir fjalshlíðum. Í grasi grónni hvilft við grónar reiðgötur (fjárgötur?).

Heimildir og munnmæli

Lýsing


Varða.

Um 1 m í þvermál og 0,2 m há. Úr hraungrjóti. Varðan gæti hafa varðað götu frá Sogaseli austur að Vigdísarvöllum.

Tíkninmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fujifilm FinePix S7000

Athugasemdir

Mælt er með því að varðan verði nákvæmlega mæld inn í landskerfið.

Fornleifaskrá

Sýsla

Gullbringusýsla

Landareign

Stóra Vatnsleysa

Sveitarfélag

Grindavík

Nr

Tákntala

2300

Heiti

Aðalnr.

38

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°56.010 W 022°06.484

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

Skekkja

6

Tegund minja

Varða

Hættumat

Vegagerð

Hætta

Mikil

Ástand

Sæmilegt

Aldur

1900-

Íeyði

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

30.01.2006

Tilgáta

Varðveislugildi

Ekkert

Minjagildi

Ekkert

Fjöldi

1

Merkja?

Nei

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvænær

Legg og staðhættir

Um 1 m vestur af vegaslóða (jeppaslóða) og 3 m suður af Sogslæk.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Um 1,5 m í þvermál og 0,9 m há. Úr hraungrjóti og er mikið af grjótinu nokkuð smátt. Varðan virðist ekki mjög vel hlaðin og er að öllum líkindum ung.

Tákning ljósmynd



Ljósmyndari



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fujifilm FinePix S7000

Athugasemdir

Enga mótvægisáðgerða er þörf en þó er mælt með því að varðan verði nákvæmlega mæld inn í landskerfið.

Fornleifaskrá

Sýsla

Gullbringusýsla

Landareign

Stóra Vatnsleysa

Sveitarfélag

Grindavík

Nr

Tákntala

2300

Heiti

Aðalnr.

39

Undirnr.

1-2

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°55.587 W 022°06.332

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

Skekkja

5

Tegund minja

Rústir

Tilgáta

Sel

Fjöldi

2

Hættumat

Hættu

Ástand

Aldur

Í eyði

Vegagerð

Lítill

Ágætt

-1550

Varóveislugildi

Hátt

Minjagildi

Hátt

Merkja?

Já

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

30.01.2006

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Um 18 - 20 m suður af Sogslæk og 14 - 16 m suður af nýlegum slóða. Í grasi grónum og þýfðum móa undir hlíðarfæti.

Heimildir og munnmæli

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þriðja Bindi. Kaupmannahöfn 1923-1924:142, 145 & 150.

Lýsing


Rústir (Sel?).

Rústirnar eru afar ógreinilegar í forminu og þýfðar þar sem þær kúra við jaðar vel gróins móa.

Þó aðeins tvær rústir séu skráðar hér, er ekki hægt að útiloka að stökk sé t.d. að finna um 80 m suður af minjunum, norðan undir lágum kletti.

Rústirnar eru fornlegar að sjá og líklega mun eldri en rústir Sogasels (frá Kálfatjörn, Jarðabók 1923-1924:142) skammt hjá norðan Sogslækjar.

Tekning ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fujifilm FinePix S7000

Athugasemdir

Gæta þarf þess að raska ekki minjunum við fyrirhugaðar vegaframkvæmdir. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi þeirra þarf að rannsaka þær og leita leyfis Fornleifaverndar ríkisins til að spilla þeim og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Minjarnar hafa verið nákvæmlega mældar inn í landskerfið af Verkfræðistofu Suðurnesja.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i> Gullbringusýsla	<i>Sveitarfélag</i> Grindavík	<i>Tákntala</i> 2300	<i>Aðalnr.</i> 39
<i>Landareign</i> Stóra Vatnsleysa	<i>Nr</i> 	<i>Heiti</i> 	<i>Undirnr.</i> 1

<i>Staðfræðikort</i> 	<i>GPS Staðsetning</i> N 63°55.587 W 022°06.332	<i>Viðmiðun</i> WGS 84	<i>M.y. sjó</i> 	<i>Skekja</i> 5
--------------------------	--	---------------------------	---------------------	--------------------

<i>Tegund minja</i> Rúst	<i>Tilgáta</i> Sel	<i>Fjöldi</i> 1
<i>Hættumat</i> Ekkert	<i>Hætta</i> Engin	<i>Ástand</i> Ágætt
<i>Aldur</i> -1550	<i>Í eyði</i> 	<i>Varðveislugildi</i> Hátt
<i>Skrásetjari</i> Bjarni F. Einarsson	<i>Dags.</i> 30.01.2006	<i>Minjagildi</i> Hátt
		<i>Merkja?</i> Já
		<i>Friðlýsa?</i> Nei
		<i>Friðlýst?</i> Nei
		<i>Hvenær</i>

Lega og staðhættir

Um 18 - 20 m suður af Sogslæk og 14 - 16 m suður af nýlegum slóða. Í grasi grónum og þýfðum móa undir hlíðarfæti.

Heimildir og munnmæli

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þriðja Bindi. Kaupmannahöfn 1923-1924:150.

Lýsing

Rúst (sel?).


6,5 x 10 m (NA - SV). Veggir úr hraungrjóti og torfi, 2 - 4 m breiðir og 0,3 - 0,4 m háir. Ekki er hægt að greina vel hve mörg hólf hafa verið í mannvirkinu. Þau hafa vafalítið ekki verið færri en tvö og dyr snúið mót NV.

Einstaka hraungrýti sést á yfirborðinu, en annars er rústin vel gróin mosa og grasi og þýfð.

Hún stendur líklega ofan á eldri minjum og því er hún aldursgreind til sextánda aldar eða eldri.

Fjórir m suðvestur af rústinni er rúst 39:2.

Tekning ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fujifilm FinePix S7000

Athugasemdir

Gæta þarf þess að raska ekki minjunum við fyrirhugaðar vegaförum. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi þeirra þarf að rannsaka þær og leita leyfis Fornleifaverndar ríkisins til að spilla þeim og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla

Gullbringusýsla

Landareign

Stóra Vatnsleysa

Sveitarfélag

Grindavík

Nr

Tákntala

2300

Heiti

Aðalnr.

39

Undirnr.

2

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°55.579 W 022°06.356

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

Skekkja

5

Tegund minja

Rúst

Tilgáta

Fjárborg

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Ieyði

Varðveislugildi

Talsvert

Minjagildi

Talsvert

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

30.01.2006

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Legg og staðhættir

Um 20 - 22 m suður af Sogslæk og 4 m frá rúst 39:1.
Í grasi grónum og þýfðum móa undir hlíðarfæti.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst (fjárborg?).

6 m í þvermál og nær alveg hringlaga. Þykkt veggja er ekki greinanleg, en hæð þeirra er um 0,6 m þar sem hæst er.

Í SV hluta eru sýnilegir steinar (hraunsteinar).


Rústin er vel gróin grasi og mosa og þýfð.

Hugsanlega stendur rústin ofan á eldri minjum.

Hið hringlaga form bendir til þess að hér hafi staðið fjárborg og þá ekki endilega í tengslum við rúst 39:1.

Rústin gæti einnig hafa verið gerði eða stekkur frá hinu meinta seli.

Telning ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fujifilm FinePix S7000

Athugasemdir

Gæta þarf þess að raska ekki minjunum við fyrirhugaðar vegaframkvæmdir. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi þeirra þarf að rannsaka þær og leita leyfis Fornleifaverndar ríkisins til að spilla þeim og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.



3.1 Álitsgerð Umhverfisstofnunar

Þann 31. janúar sl. fóru tveir starfsmenn Umhverfisstofnunar, þau Björn Stefánsson frá Framkvæmda- og eftirlitssviði og María Harðardóttir frá Náttúruverndarsviði, í eftirlitsferð vegna fyrirhugaðs vegslóða að borholu TR-2 sem Hitaveita Suðurnesja hyggst bora. Með í för var Emil Hallgrímsson fyrir hönd Hitaveitu Suðurnesja. Tilgangur ferðarinnar var að fá upplýsingar um legu og eðli vegslóðans, efnisnám og flutning jarðvegs úr vegstæði.

Miðað við þær upplýsingar sem fram komu telur Umhverfisstofnun mikilvægt að við lagningu vegslóðans og efnistöku vegna hans verði tillit tekið til eftirfarandi:

1. Vegslóði mun liggja frá núverandi borplani, upp hlíðina þar fyrir ofan og síðan eftir jeppaslóð að fyrirhuguðu borplani. Í hlíðinni er fyrirhugað að skipta um jarðveg þar sem vegurinn mun liggja á hrygg skammt ofan við planið. Æskilegt er að flytja jarðveg niður á planið. Koma ætti þessu efni fyrir í fláum við planið eða í fláa núverandi vegar milli Eldborgar og borplans.

2. Efnistaka. Efnistaka í Rauðhóli fari í fyrstu fram í núverandi námubotni og verði hann lækkaður til samræmis við landhæðir utan hryggjarins. Ekki verði tekið efni úr Eldborg.

Rætt var um að þegar verkið hefst muni eftirlitsmaður framkvæmdaaðila hafa samband við Umhverfisstofnun vegna frekara eftirlits og ráðgjafar.

María Harðardóttir